

STJÓRNARTÍÐINDI B 10 – 2001

12. janúar 2001

53

Nr. 33

UMBURÐARBRÉF

um mat á eftirlitsreglum.

Þegar frumvarp að reglum um opinbert eftirlit, sem fellur undir 1. mgr. 1. gr. laga nr. 27/1999, er samið, skal meta þörf á eftirlitinu, þjóðfélagslegt gildi þess og kostnað af því og semja um það greinargerð. Þetta á við hvort heldur þegar um nýsmíði er að ræða eða eldri reglur endurskoðaðar.

Atriði sem meta skal eru tilgreind í 1. mgr. 3. gr. laga nr. 27/1999 og nánar útfærð í II. kafla reglugerðar nr. 812/1999 og gátlista er henni fylgdi. Gátlistinn er jafnframt birtur á netinu: <http://brunnur.stjr.is/interpro/for/for.nsf/pages/eftirlitsnefnd>.

Greinargerð um mat skal fylgja frumvarpi við meðferð þess til ríkisstjórnar eða eftir atvikum til staðfestingar, sé málið ekki borið upp í ríkisstjórn, sbr. 2. mgr. 3. gr. laga nr. 27/1999.

Á vegum forsætisráðuneytisins er starfrækt nefnd til ráðgjafar um framkvæmd laga nr. 27/1999 og eftirlitsstarfsemi hins opinbera. Nefndinni er ætlað að stuðla að því að markmið laga nr. 27/1999 nái fram að ganga. Í því skyni er hún reiðubúin að veita ráðuneytunum og öðrum stjórnvöldum ráðgjöf við þróun aðferða við mat á eftirlitsreglum og veita umsagnir um greinargerðir um slíkt mat.

Forsætisráðuneytinu, 12. janúar 2001.

Davíð Oddsson.

Skarphéðinn Steinarsson.

11. janúar 2001

Nr. 34

AUGLÝSING

**um breytingu á lágmarksupphæð stofnfjársjóðs eða stofnunar
sem starfar samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.**

Samkvæmt 2. gr. laga um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá nr. 19/1988 skal stofnfé sjóðs eða stofnunar árið 2001 vera 525.000 kr. hið minnsta. Auglýsing þessi tekur þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 11. janúar 2001.

F. h. r.
Jón Thors.

Fanney Óskarsdóttir.